

Nr. 41.  
8.  
nóvbr.

## Lög

um

bann gegn verðmerkjum og vöruseðlum.

**Vjer Christian hinn Níundi**, af guðs náð Danmerkur konungur,  
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,  
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Enginn má búa til, flytja inn eða gefa út neins konar verðmerki, hvorki myntir nje seðla, er gengið geti manna á milli sem gjaldeyris, hvort sem ætlazt er til, að verðmerkin sjeu innleyst með peningum eða vörum. Þó er brauðgjörðamönnum heimilt, að gefa út brauðseðla, eins og tíðkazt hefur til þessa.

2. gr.

Þeir, sem gefið hafa út verðmerki eða vöruseðla til gjaldeyris við viðskiptamenn, áður lög þessi öðlast gildi, skulu hafa innleyst merkin og seðlana fyrir 1. júlí 1902. Eptir þann tíma eru þeir skyldir að borga handhöfum í peningum upphæð þá, er merkin eða seðlarnir hafa táknað að ákvæðisverði.

3. gr.

Brot gegn 1. gr. varða sektum frá 100—1000 króna, er renna í landssjóð. Mál, er rísa af brotum gegn lögum þessum, skal farið með sem almenn lögreglumál.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

**Gefið á Amalíuborg, 8. nóvember 1901.**

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

***Christian R.***

(L. S.)

***Alberti.***

Autoriseret Oversættelse i Henhold til Lov 18de September 1891.

## **Lov**

om

### **Forbud mod Værdimærker og Varesedler.**

**Nr. 41.**  
8de  
Novbr.

**Vi Christian den Niende**, af Guds Naade Konge til Danmark, de Benders og Goters, Hertug til Slesvig, Holsten, Stormarn, Ditmarsken, Lauenborg og Oldenborg,

Gøre vitterligt: Altinget har vedtaget og Vi ved Vort Samtykke stadfæstet følgende Lov:

#### § 1.

Ingen maa forfærdige, indføre eller udgive noget Slags Værdimærker, hverken Mønter eller Sedler, som kunne cirkulere mellem Mand og Mand som Betalingsmiddel, hvad enten Forudsætningen er, at Værdimærkerne indløses med Penge eller Varer. Dog er det Bagere tilladt at udstede Brødsedler, saaledes som det hidtil har været Brug.

#### § 2.

De, som inden denne Lov er traadt i Kraft have udgivet Værdimærker eller Varesedler som Betalingsmidler til deres Kunder, skulle have indløst Mærkerne og Sedlerne inden den 1ste Juli 1902. Efter den Tid ere de pligtige at udbetale Ihændehaverne Mærkernes eller Sedlernes paalydende Beløb med Penge.

#### § 3.

Overtredelse af § 1 straffes med Bøder fra 100—1000 Kr., som tilfalde Landskassen. Sager i Anledning af Overtredelse af denne Lov behandles som offentlige Politisager.

Hvorefter alle vedkommende sig have at rette.

**Givet paa Amalienborg, den 8de November 1901.**

Under Vor Kongelige Haand og Segl.

***Christian R.***

(L. S.)

***Alberti.***

**Ministeriet for Island, den 8de November 1901.**

***Alberti.***

***Olafur Halldórsson.***